

Lög

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lögum um aukatekjur ríkissjóðs og lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja (leyfisveitingar o.fl.).

I. KAFLI

Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið 1. mgr. 8. gr. laganna:

- Í stað orðanna „20 ára“ kemur: 18 ára.
- Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Feli rekstrarleyfi í sér heimild til áfengisveitinga skal umsækjandi vera lögráða og hafa náð a.m.k. 20 ára aldri á umsóknardegi.

2. gr.

Í stað orðanna „þriggja vikna“ í 1. másl. 4. mgr. 17. gr. laganna kemur: tveggja vikna.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- Í stað fjárhæðarinnar „263.000 kr.“ í d-lið 20. tölul. og b-lið 21. tölul. kemur: 120.000 kr.
- Í stað fjárhæðarinnar „210.000 kr.“ í a-lið 21. tölul. kemur: 80.000 kr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015.

4. gr.

Orðin „sem opin skal almenningi“ í 1. másl. 5. mgr. og orðin „sem opin er almenningi“ í 1. másl. 6. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. júní 2021.